



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 5. september 2018

VEL2018090005

337. fundur

RÁ/at

Lagt fyrir fund velferðarráðs 25. september 2018

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi velferðarráðs 3. september*

Á fundi velferðarráðs þann 3. september 2018 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hvernig er ferðaðþjónusta einstaklings með fötlun háttað þegar hann verður 67 ára, missir einstaklingur öll réttindi sín sem fatlaður einstaklingur þegar hann nær þeim aldri?

Svar:

Akstursþjónusta til einstaklinga 67 ára og eldri er veitt samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra.

Akstursþjónusta til fatlaðra einstaklinga er veitt samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um ferðaðþjónustu fatlaðs fólks.

Í 3. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um akstursþjónustu aldraðra segir: „Hafi notandi sem orðinn er 67 ára fengið þjónustu á grundvelli reglna um ferðaðþjónustu fatlaðs fólks fyrir þann aldur á hann rétt á þeirri þjónustu áfram á meðan þörf krefur“.

Í 3. mgr. 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um ferðaðþjónustu fatlaðs fólks segir: „Hafi fatlaður einstaklingur, sem orðinn er 67 ára, fengið ferðaðþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á þeirri þjónustu áfram meðan þörf krefur að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum“. Ennfremur segir þar um réttindi fatlaðs fólks gagnvart þjónustunni: „Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um þjónustu samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á ferðaðþjónustu fatlaðs fólks ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum“.

Ljóst er því að akstursþjónusta við fatlaða einstaklinga sem eru 67 ára og eldri og hafa fengið ferðaðþjónustu fyrir 67 ára aldurinn er áfram veitt samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um ferðaðþjónustu fatlaðs fólks.